

Miðvikudaginn 17. janúar 1951.

Nr. 4/1950.

**Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Magnúsi Kjartanssyni** (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Meinyrði um opinberan starfsmann.

### Dómur Hæstaréttar.

Það er fram komið í málinu, að flugvallastjóri lét nokkra starfsmenn á Reykjavíkurflugvelli vinna að húsbyggingu þeirri, er í málinu greinir, og nota við það í fáein skipti bifreiðar flugvallarins. Hann lét og gjaldkera flugvallarins annast greiðslur vegna húsbyggingarinnar. Þessi háttur var að vísu ekki viðeigandi af hálfu flugvallastjóra, en þar sem hann hafði lagt fram fé til greiðslu á launum verkamanna og bifreiðakostnaði við húsbygginguna og brýnt fyrir starfsmönnum að telja sér til skuldar þá vinnu, sem innt væri af hendi í þágu húsbyggingar hans, þykja hin umstefndu móðgandi ummæli ekki réttlætt, enda fela þau einnig í sér raka- lausa aðdróttun um óleyfilega töku efnis og viðtöku tollsmygl- aðra vara. Hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsingin hæfilega ákveðin eins og í héraðsdómi. Greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostn- aðar.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakar- innar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 500 krónur til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Magnús Kjartansson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Ólafs Þorgríms-sonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. október 1949.**

Ár 1949, þriðjudaginn 11. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3812/1949: Réttvísing gegn Magnúsi Kjartanssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. september s.l., er höfðað gegn Magnúsi Kjartanssyni ritstjóra, til heimilis á Háteigsvegi 34 hér í bæ, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Ákærði er fæddur 25. febrúar 1919 á Stokkseyri. Hefur hann, svo kunnugt sé, ekki sætt kærú né refsingu fyrr.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Laugardaginn 20. ágúst s.l. birtist í dagblaðinu „Þjóðviljanum“ hér í bæ, sem ákærði er ritstjóri og ábyrgðarmaður að, nafnlaus grein undir fyrirsögninni: „Á Keflavíkurflugvelli er Íslendingum ekki trúnað til að sópa gólf án bandaríkssks yfirsópara“. Í grein þessari er m. a. vikið að húsi, er flugvallastjóri ríkisins, Agnar Kofoed-Hansen, hefur í smíðum í Kleppsholti, á eftirfarandi hátt:

„Dularfull húsbýgging: „Æðsti íslenski yfirmaður vallarins“ er hins vegar annar Íslendingur, Agnar Kofoed-Hansen, flugvallastjóri ríkisins og formaður flugráðs. Er hann í mjög góðu vinfengi við hina bandaríkssku hermenn á velli, enda sýna þeir honum vinsemd sína í verki. Það vekur t. d. athygli, að Agnar er nú að byggja hús í Kleppsholti, en við þá byggingu vinna verkamenn af Keflavíkurflugvelli, bílar af Keflavíkurflugvelli, og í bygginguna er notað efni af Keflavíkurflugvelli. Leikur mönnum hugur á að fréttu, hvernig er varið samningum Agnars Kofoed-Hansens við hina bandaríkssku herrabjóð. Eins og kunnugt er, eru allar vörur til vallarins fluttar inn tollsmyglaðar, og samkvæmt lögum er Bandaríkjamönnum óheimilt að selja, gefa eða afhenda Íslendingum nokkurn snertifni af því, sem inn er flutt, að viðlagðri þungri refsingu. En ef til vill er aðeins skákáð í því skjólinu, að þau lög megi þverbrjóta eins og öll önnur.“

Samdægurs var fyrirskipuð rannsókn vegna ummæla þessara. Leiddi rannsóknin í ljós, að tilgreind ummæli voru ekki á rökum reist. Daginn eftir, eða 21. ágúst, birtist smáklaua í „Þjóðviljanum“ undir fyrirsögninni: „Leiðrétting“, þar sem sagt var, að í greininni um húsbýggingu flugvallastjóra hafi átt að standa Reykjavíkurflugvöllur í stað Keflavíkurflugvallar.

Hinn 24. og 26. ágúst heldur blaðið áfram að ræða um sama málefni, og

er því haldið þar fram, að flugvallastjóri noti menn og bíla af Reykjavík-urflugvelli við húsbýggingu sína.

Á þessum tíma var bygging hússins ekki lengra komin en að steipt hafði verið botnplatan og slegið upp fyrir kjallaraveggjum. Við rannsókn kom í ljós, að flugvallastjóri hafði keypt á venjulegan hátt til byggingarinnar allt efni, sem hann hafði á þessum tíma útvegað. Var það því tilhæfulaust, að notað hefði verið efni til byggingarinnar frá Reykjavíkurflugvelli.

Við framkvæmd verksins voru í viðlögum fengnir menn af Reykjavíkurflugvelli, svo sem þegar botnplatan var steipt, en launagreiðslur fyrir vinnu manna þessara voru færðar á reikning hússins. Varðandi bifreiðar af Reykjavíkurflugvelli var upplýst, að þær hafa flutt fáein timburhlöss að byggingunni, en um þá flutninga gegnir sama máli og mennina frá velli-inum, að greiðsla fyrir aksturinn var færð á reikning hússins. Hníga því engin rök að þeim dylgjum blaðsins og aðdróttunum, að flugvallastjóri hafi misnotað stöðu sína sér til ávinnings, og „leiðrétting“ blaðsins á hinum upphaflegu ummælum dregur ekki úr þeim aðdróttunum. Sem ábyrgð-armaður blaðsins ber ákærði ábyrgð á framangreindum ummælum þess, og hefur hann með þeim gerzt brotlegur við 108. gr. hegningarlagna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði, Magnús Kjartansson, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.